

Hafnarfjarðarbær
Anne Steinbrenner
Strandgötu 6
220 HAFNARFJÖRÐUR

Garðabær, 21. febrúar 2024
Málsnúmer: 202401-0059
LA

Efni: Umsögn um aðalskipulagsbreytingu vegna iðnaðarsvæðis I4 og deiliskipulagsbreytingu vegna iðnaðarlóðar Álhelli 1, í Kapelluhrauni.

Við er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 11. janúar 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á aðalskipulagi vegna iðnaðarsvæðis I4, ásamt breytingum á deiliskipulagi vegna stækkun iðnaðarlóðar, Álhelli 1. Deiliskipulagsbreytingin var kynnt í júní á síðasta ári, en þar sem ekki var samræmi á milli aðal- og deiliskipulags er því tillaga að breytingum því kynnt aftur samhliða breytingu á aðalskipulagi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinagerð um skipulagsbreytingarnar. Stofnunin hefur áður gefið umsagnir varðandi iðnaðarsvæðið I4 og Álhelli 1. Stækkun á iðnaðarlóð Álhelli 1 fer inn á hraun runnið á nútíma sem að hluta til hefur verið raskað og er hraunið metið með lágt verndargildi. Það er mat Náttúrufræðistofnunar að umhverfisáhrif á jarðminjar og gróður vegna ofangreindra skipulagsbreytinga verði óverulegar.

Náttúrufræðistofnun hvetur Hafnarfjarðarbæ að huga að mótvægisáðgerðum vegna iðnaðarsvæðisins í Kapelluhrauni og vernda svæðið þar fyrir vestan, þ.e. Almenna, Straumsvík og Hraunin, þar sem í dag eru nær óraskaðar náttúru- og menningarminjar með hátt verndargildi.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

